

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ vegna göngustígs.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti í Ásum á svæði á milli Lerkiáss og Brúnáss.

Í skipulagsbreytingunni felst að stígur á opnu svæði á milli Brúnáss og Lerkiáss er færður til austurs miðað við legu sem sýnd er á upphaflegum deiliskipulagsupprætti.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 7. desember 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.